

Tilkynning til embættis sérstaks saksóknara um meint brot á 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Þann 24. september 2009 vísaði Fjármálaeftirlitið máli til embættis sérstaks saksóknara skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Um er að ræða mál er varðar 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en í ákvæðinu er fjallað um þagnarskyldu stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda og annarra starfsmanna um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingarnar samkvæmt lögum.

Í því tilfalli sem hér um ræðir sendi aðili, þáverandi stjórnarformaður rekstrarfélags verðbréfasjóða trúnaðarupplýsingar um viðskiptavini félagsins til stjórnanda banka sem var móðurfélag rekstrarfélagsins. Fjármálaeftirlitið taldi að uppi væri rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi brotið gegn 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þá var það mat Fjármálaeftirlitsins að meint brot falli undir að vera meiriháttar í skilningi 112. gr. d. laganna.

Með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins ákvað Fjármálaeftirlitið að vísa bæri málinu til embættis sérstaks saksóknara.